

BREYTING Á LEGU JARÐSTRENGS (132 KV) FRÁ BJARNARFLAGI AÐ KRÖFLUSTÖÐ, SKÚTUSTAÐAHREPPI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á legu jarðstrengs (132 kV) frá Bjarnarflagi að Kröflustöð, Skútustaðahreppi, sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að lagning jarðstrengs í steiptan stökk innan mannvirkjabeltis fyrirhugaðrar Bjarnarflagsvirkjunar muni ekki leiða til meiri neikvæðra umhverfisáhrifa en vænta má af lagningu strengsins í skurð og fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum Bjarnarflagsvirkjunar og Bjarnarflagslínu 1 og Skipulagsstofnun úrskurðaði um 18. júlí 2003. Þá telur Skipulagsstofnun að lagning jarðstrengsins austan hraunsins í Hlíðardal muni hafa mun minni umhverfisáhrif en ef hann yrði lagður um hraunið eins og til stóð, en austan hraunsins kemur strengurinn til með að liggja um mólendi með algengum gróðursamfélögum. Á sama hátt telur Skipulagsstofnun að lagning strengsins meðfram vegslóð næst Kröflustöð muni hafa minni neikvæð umhverfisáhrif en ef farið væri með hann um hraun á þeim stað. Fyrir liggur að Landsnet mun láta skrá fornleifar á þeim kafla leiðarinnar sem slíkar upplýsingar vantar og í kjölfarið fá umsögn Fornleifaverndar og hlýta þeim skilyrðum sem stofnunin kann að setja fram. Þá liggur fyrir að efni til verksins verður tekið úr námum sem eru í notkun og þau jarðefni sem til falla verða haugsett í ófrágengnum námum í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. mars 2011.

INNGANGUR

Þann 7. janúar 2011 tilkynnti Landsnet fyrirhugaða breytingu á legu jarðstrengs (132 kV) frá Bjarnarflagi að Kröflustöð í Skútustaðahreppi til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Um er að ræða breytingu á legu jarðstrengsins frá því sem kynnt var í mati á umhverfisáhrifum háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík og jarðstrengs frá Bjarnarflagi að Kröflu, sem Skipulagsstofnun gaf álit sitt á þann 25. nóvember 2010. Í matsferlinu komu fram athugasemdir við legu jarðstrengsins um hraun í Hlíðardal, meðfram Kröfluvegi og lagt til að leggja strenginn austar í dalnum, svo hlífa mætti hrauninu við frekara raski.

Skipulagsstofnun leitaði álits Skútustaðahrepps, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Skútustaðahreppi með bréfi dags. 1. febrúar 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 25. janúar 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 18. janúar 2011.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð Landsnets kemur fram að breyta eigi útfærslu á legu um 10 km langs jarðstrengs (Bjarnarflagslína 1) frá tengivirki við fyrirhugaða Bjarnarflagsvirkjun og að tengivirki við Kröflustöð. Í matsskýrslu hafi verið gert ráð fyrir að strengurinn yrði lagður í jörð frá Bjarnarflagi að Þjóðvegi 1 og með honum um Námaskarð, þaðan og að vegi að Kröflustöð fylgdi strengurinn vatnslögn sem þar sé fyrir og loks myndi strengurinn liggja meðfram vegi um nútímahraun í Hlíðardal að tengivirki við Kröflustöð. Fram kemur að rafstrengurinn verði í megindráttum lagður sömu leið og á sama hátt og gert var ráð fyrir í matsskýrslu, en breyta eigi legu hans á fyrirhuguðu virkjanasvæði í Bjarnarflagi og á tveimur köflum í Hlíðardal:

- 1) Í stað þess að leggja jarðstrenginn í Bjarnarflagi alfarið í jarðveg verði hann lagður í steiptan stokk á tæplega 2 km kafla næst fyrirhuguðu tengivirki.
- 2) Í stað þess að leggja jarðstrenginn meðfram veginum í hrauninu í Hlíðardal verði 2,8 km kafla hans lagður austan hraunsins.
- 3) Í stað þess að leggja jarðstrenginn í hraun næst Kröflustöð á um 1 km kafla verði hann lagður samhliða fyrirbyggjandi vegslóð austan við hraunið.

Fram kemur að helgunarsvæði jarðstrengsins (3 m athafnasvæði sitt hvoru megin við 4 m öryggissvæði yfir streng) og fyrirkomulag við lagningu hans verði eins og gert var ráð fyrir í matsskýrslu. Í Bjarnarflag verði stokkurinn fyrir jarðstrenginn líklega gerður úr forsteyptum einingum, sem grafinn verði þar í jörð. Umfang jarðrasks vegna stokksins verði sambærilegt við það að leggja jarðstrenginn beint í skurð. Vegna lagningar jarðstrengsins (10 km) þurfi að grafa upp um 20.000 m³ af efni og taka úr námum um 6.000 m³ af sandi. Efnistaka verði í samræmi við það sem kynnt var í matsskýrslu og haugsetning umframefnis og frágangur í samræmi við efnistökuáætlun. Fram kemur að lagning strengsins muni taka um 10 mánuði frá því að verkið hefjist, en síðan taki við frágangur.

Áhrif á gróður. Fram kemur að í Bjarnarflagi og nágrenni þess vaxi jarðhitaplöntur sem séu á valista eða friðlýstar (naðurtunga, dvergtungljurt og renglungljurt), en ný

leið strengsins fari ekki um svæði þar sem þær sé að finna og áhrif framkvæmanna verði því óveruleg. Í Hlíðardal fari ný leið strengsins um mólendi, sem sé gróið víði, fjalldrapa og lyngi. Beint jarðrask verði á rúmlega 2 m breiðu belti og þar muni gróður fara forgörðum og áhrif verða talsvert neikvæð. Einnig muni gróður raskast vegna aksturs bifreiða og notkunar vinnuvéla meðan á framkvæmdum standi.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að ný leið jarðstrengsins verði nærri tóftum við Selholt (SP208:098, sbr. matsskýrslu) og hætta sé á að þær raskist vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Staðsetning fornleifa verði kynnt verktökum og þeim gert að sýna fyllstu aðgát við framkvæmdir og meðferð vinnuvéla.

Fram kemur að Landsnet telur að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér verulega neikvæð umhverfisáhrif.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að framkvæmdin sé ekki í samræmi við aðalskipulag Skútustaðahrepps, en sótt verði um breytingu á skipulaginu í samræmi við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Fram kemur að verið sé að vinna deiliskipulag fyrir Bjarnarflagsvirkjun og jarðstrenginn (Bjarnarflagslína 1).

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps og Umhverfisstofnun telja ekki líklegt að breyting á legu háspennustrengsins muni hafa umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif í för með sér og einnig Fornleifavernd ríkisins, að því gefnu að skilyrðum stofnunarinnar verði framfylgt (sjá hér að neðan).

Áhrif á náttúrufar. Umhverfisstofnun bendir á að með breytingu á legu jarðstrengsins verði rask á eldhrauni lágmarkað. Utan hraunfláka í Hlíðardal séu gróðursamfélög, sem séu algeng á svæðisvísu og ólíklegt sé að þar finnist sjaldgæfar tegundir plantna. Efni til framkvæmdanna verði tekið úr námum sem nú séu í notkun og í þeim verður hægt að koma fyrir jarðefnum sem muni falla til vegna framkvæmdanna.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins tekur undir með Landsneti um að rústir við Selholt í Hlíðardal verði í hættu vegna fyrirhugaðrar breytingar á legu jarðstrengsins. Merkja eigi rústasvæðið á meðan á framkvæmdum standi og sækja beri um leyfi til að raska fornleifunum, ef þess gerist þörf. Fornleifavernd bendir á að ráðgerð breyting á leið háspennustrengsins sé að hluta utan þess svæðis sem kannað var vegna mats á umhverfisáhrifum jarðstrengs milli Bjarnarflags og Kröflu (Bjarnarflagslínu 1). Því þurfi fornleifafræðingur að kanna þann hluta leiðarinnar með tilliti til hugsanlegra fornleifa og niðurstöður könnunarinnar þarf að kynna Fornleifavernd. Komi í ljós að fornleifum stafi hætta af lagningu jarðstrengsins á þeirri leið þurfi að hnika legu hans eða Landsnet hlýti kröfum Fornleifaverndar um mótvægisáðgerðir.

Í svari Landsnets kemur fram að fornleifar verði kannaðar á umræddu svæði. Komi í ljós að fornleifum stafi hætta af nýrri legu strengsins verði farið að þeim kröfum sem fram komi í umsögn Fornleifaverndar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á legu um 10 km langs jarðstrengs (132 kV, Bjarnarflagslína 1) frá því sem kynnt var í mati á umhverfisáhrifum háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík og jarðstrengs frá Bjarnarflagi að Kröflu, sem Skipulagsstofnun gaf álit sitt á þann 25. nóvember 2010. Breyta á legu jarðstrengsins á fyrirhuguðu virkjanasvæði í Bjarnarflagi og á tveimur köflum í Hlíðardal:

- 1) Í stað þess að leggja jarðstrenginn í Bjarnarflagi alfarið í jarðveg verði hann lagður í steiptan stökk á tæplega 2 km kafla næst fyrirhuguðu tengivirki.
- 2) Í stað þess að leggja jarðstrenginn meðfram veginum um hraunið í Hlíðardal verður 2,8 km kafla jarðstrengsins lagður austan hraunsins.
- 3) Í stað þess að leggja jarðstrenginn um hraun næst Kröflustöð á um 1 km kafla verður hann lagður samhliða fyrirbyggjandi vegslóð austan við hraunið.

Efnistaka verður í samræmi við það sem kynnt var í matskýrslu og haugsetning umframefnis og frágangur í samræmi við efnistökuáætlun.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að lagning jarðstrengs í steiptan stökk innan mannvirkjabeltis fyrirhugaðrar Bjarnarflagsvirkjunar muni ekki leiða til meiri neikvæðra umhverfisáhrifa en vænta má af lagningu strengsins í skurð og fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum Bjarnarflagsvirkjunar og Bjarnarflagslínu 1 og Skipulagsstofnun úrskurðaði um 18. júlí 2003.

Skipulagsstofnun telur að lagning jarðstrengsins austan hraunsins í Hlíðardal muni hafa mun minni umhverfisáhrif en ef hann yrði lagður um hraunið eins og til stöð. Austan hraunsins kemur strengurinn til með að liggja um mólendi með algengum gróðursamfélögum. Á sama hátt telur Skipulagsstofnun að lagning strengsins meðfram vegslóð næst Kröflustöð muni hafa minni neikvæð umhverfisáhrif en ef farið væri með hann um hraun á þeim stað. Þá liggur fyrir að efni til verksins verður tekið úr námum sem eru í notkun og þau jarðefni sem til falla verða haugsett í ófrágengnum námum í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar, eins og henni er lýst, verði ekki veruleg á náttúrfar.

Fyrir liggur að Landsnet mun láta skrá fornleifar á svæðinu og í kjölfarið fá umsögn Fornleifaverndar og hlýta þeim skilyrðum sem stofnunin kann að setja fram. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar verði ekki veruleg.

Skipulagsstofnun telur að breyting á legu jarðstrengs (132 kV) frá Bjarnarflagi að Kröflustöð, Skútustaðahreppi, sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins Skútustaðahrepps, skv. 13. gr. skipulagslaga. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015, samþykkt deiliskipulag og umhverfismat áætlananna. Framkvæmdin er háð leyfi Orkustofnunar til byggingar háspennulína, sem flytji 66 kV spennu eða hærrí, samkvæmt lögum um raforku (nr. 65/2003). Leyfi Fornleifaverndar ríkisins þarf ef nauðsynlegt er að raska fornleifum, samkvæmt 10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001. Minnt er á ákvæði 13. gr. þjóðminjalaga, þar sem

segir að ef áður óþekktar fornleifar finnast við framkvæmd verks ber að stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. mars 2011.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigmar Arnar Steingrímsson

